





Reykjavík, 3. apríl 2025
USK25030227

Laugavegur 157 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. mars 2025 var lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar, dags. 18. mars 2025, um uppbyggingu 6 íbúða fjölbýlishúss á lóð nr. 157 við Laugaveg, samkvæmt uppd. Joda arkitekta, dags. 14. mars 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Skúlagarðsreitir



Gildandi deiliskipulag lóðar


Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 4 - Laugardal, og er hluti af íbúðarsvæði / ÍB20.


Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Hlemm + / Skúlagarðsreit austari, samþykkt í borgarráði 20.07.2006, með síðari breytingum, þ.á.m. breytingum fyrir Laugaveg 157, dags. 12.01.2023.

Umsögn


Fyrirspurnartillaga sýnir 3ja hæða fjölbýlishús með 6 íbúðum, ásamt kjallara og utanaliggjandi stigahúsi. Í kjallara er gert ráð fyrir 3 bílastæðum með aðkomu frá inngarði, líkt og er í aðliggjandi fjölbýlishúsi á lóð nr. 151-155.




Reykjavík



Loftmynd sem sýnir fyrirspurnartillögu



Snið í fjölbýlishús



Rúmmynd sem sýnir hlið húss að inngarði

Jákvætt er tekið í fyrirspurnartillögu en vinna verður betur með hugmyndir um upphækkað dvalarsvæði á lóð svo það falli betur að þeirri byggð sem fyrir er.

Niðurstaða

Jákvætt er tekið í fyrirspurn en aðlag þarf tillögu betur að nærliggjandi umhverfi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur